



Gerð hjólastígs í Varmalandi

12. desember 2023

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar og Mosfellsbær gerðu með sér svokallaðan Landgræðsluskógasamning um Landgræðsluskógaverkefni innan jarðarinnar Varmaland í Mosfellsdal árið 2002 með endurskoðun árið 2011. Skógræktarfélag Mosfellsbæjar fer með umsjón svæðisins á samningstímanum sem felur meðal annars í sér að opna svæðið til útivistar þannig að almenningur geti nýtt sér það sem skógurinn býður upp á.

Hjóladeild Aftureldingar hefur farið þess á leit við Skógræktarfélagið að hjólastígur verði lagður innan Varmalandsjarðarinnar sem er í eigu Mosfellsbæjar. Hjólastígurinn verður hluti af hringleið sem mun nýtast almenningi sem og því starfi sem hjóladeild Aftureldingar stendur fyrir. Framkvæmdir hafa þegar hafist á hluta stígsins en hluti er enn ókláraður.

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar fer þess á leit við Mosfellsbæ að lagt verði mat á þá framkvæmd sem fyrirhuguð er og hvort leyfi fái til áframhaldandi framkvæmda.

Fylgiskjöl:

- Afstöðukort sem sýnir legu stígsins
- Landgræðsluskógasamningur frá 2002
- Uppfærður Landgræðsluskógasamningur frá 2011
- Fjallahjólastígur í landi Mosfellsbæjar

Fyrir hönd Skógræktarfélags Mosfellsbæjar

Björn Traustason

Formaður